

# 20 ENN AÐRIR HLUTIR SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM HEIM TUNGUMÁLANNA

## SARDÍNÍSKA,

sem er töluð á Sardiníu, er elsta rómanska tungumálið sem enn er talað og er talin vera það nútímamál sem er skyldast latínu.

Hefur þú heyrt um **KARELÍSKU**? Hún er finnskt tungumál sem er talað í norðvestur Rússlandi og á sumum svæðum í Finnlandi. Karelíska er bara eitt margra tungumála sem bera einstakri tungumálaarfleifð Evrópu vitni.






## RÍKISMÁL BANDARÍKJANNA ER...?

Flest fólk ætlar að það sé enska, en í raun er ekkert ríkismál í Bandaríkjunum!



**RÓFUKJARNINN** er heilabotskjarni sem er staðsettur í miðju heilans. Hann hjálpar fólki sem talar fleiri en eitt tungumál að skipta um mál og heldur jafnframt málunum aðskildum. Oft er rófukjarninn svo mikið notaður af fjöltyngdu fólki að hann þenst út.

## TUNGUMÁLAAUÐUGUSTU LÖND HEIMS

|                  |                                                                                     |                |
|------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|----------------|
| Papúa Nýja-Gínea |  | (840)          |
| Indónesía        |  | (711)          |
| Nígería          |  | (517)          |
| Indland          |  | (456)          |
| BNA              |  | (328 tungumál) |

**ENSKIR MÁLHAFAR** fylgja einni reglu án þess að taka eftir því, reglunni um röðun á lýsingarorðum. Röðin er eftirfarandi: skoðun, stærð, aldur, form, litur, uppruni, efni, tilgangur. Til að mynda hljómar „my Greek fat big wedding“ fremur skringilega, en „my big fat Greek wedding“ hljómar rétt.

Á **ÍTÖLSKU** þýðir orðið „latte“, þ.e. það sem við köllum kaffi með mjólk, bókstaflega mjólk. Leggðu þetta á minnið áður en þú pantar þér kaffi næst þegar þú ferð til Ítalíu!

## XD

Hlátur getur verið táknaður á mismunandi vegu í smáskilaboðum eftir tungumáli. Þú hefur ábyggilega heyrt um spænska tilbrigðið „jajaja“, en þú hefur kannski ekki rekist á „555“ á tælensku (talan fimm er borin fram sem „ha“), „www“ á japönsku (w-ið kemur frá orðinu „wara“ (笑) sem merkir ‘hlátur’) eða „kkkkk“ á portúgölsku.



**KREÓLAMÁL** eru tungumál sem hafa þróast eftir að fólk sem hefur komið frá mismunandi löndum hefur talað saman og búið til ný orð til þess að skilja hvert annað betur. Dæmi um þetta er haitíska sem er sambland af frönsku, vesturafrískum málum og Taino frumbyggjamálum.

## Vissir þú að á ÍRSKU, MANX OG SKOSKRI GELÍSKU

er hvorki til orð yfir „nei“ né „já“? Til þess að svara spurningu þarf að nota samsvarandi sögn. Þannig getur svarið við „Fóru þau heim?“ verið annað hvort „[Pau] fóru“ eða „[Pau] fóru ekki“.

## ELDRA FORM ÞÝSKU

Í kringum árið 1700 fluttust Þjóðverjar til Bandaríkjana og bjuggu þar í lokuðum trúarsamfélögum. Þess vegna er enn hægt að heyra 18. aldar þýsku í Pennsylvaníu.

**KÝRILLÍSKA STAFRÓFIÐ** er talið mega rekja til býsönsk-grísku bræðranna Kyrillos og Methodios sem voru trúboðar meðal slavneskra þjóða í Austur-Evrópu.

## ALBANSKA, GRÍSKA, TYRKNESKA OG BÚLGARSKA

geta orðið frekar ruglandi, vegna þess að með því að kinka kolli ertu að segja „nei“ og með því að hrista höfuðið ertu að segja „já“!

## SMELLIHLJÓÐ

Einungis nokkur tungumál, aðallega í sunnanverðri Afríku, búa yfir smellihljóðum. Hljóðin greinast út frá fimm myndunarstöðum.



Á **ÍSLENSKU** er reynt að sneiða hjá því að nota erlend orð og þess í stað eru nýyrði búið til, oft með því að nota gömul orð. Þannig er orðið *tölva* búið til úr orðunum *tala* og *völva* (spákona).

**SHELTA**, einnig kallað **GAMMON**, er tungumál sem er talað af írskum þjóðflokki ferðalanga (Rilantu Mincéiri). Hér er um að ræða eins konar dulmál sem þróast sem tjáskiptamáti út frá þörfinni til þess að utanaðkomandi aðilar myndu ekki skilja samtalið.

## KYN EÐA EKKI KYN

Sum tungumál búa ekki yfir neinu málfræðilegu kyni, s.s. tyrkneska og enska. Önnur búa yfir tveimur eða þremur málfræðilegum kynjum, s.s. þýska og gríska. Tungumál sem búa yfir fjórum eða fleiri málfræðilegum kynjum eru fátíð, dæmi um slíkt mál er zande sem býr yfir karlkyni, kvenkyni, kyni sem táknar lifandi verur, og kyni sem táknar hluti og hugtök.



Á **GRÆNLENSKU** getur eitt orð búið yfir flókinni merkingu, t.a.m er hægt að þýða orðið „nalaasaarusuummerujussuaraluarpunga“ sem „Skyndilega langaði mig til þess að leggjast niður og hvíla mig, en...“

## 5%

Eingöngu um 5% málhafa portúgölsku býr í Portúgal, enda er það ríkismál fjölmennra landa eins og Brasilíu og Mósambíkur.

Mörg **FINNSK ORÐ** eru, eins og í íslensku, byggð á bókstaflegri merkingu þeirra.



Dæmi um slík orð eru „jääkaappi“ (ísskápur) og „juoksumatto“ (bókstaf. hlaupateppi). Orðið fyrir tölvu er „tietokone“, sem þýðir ‘viskuvél!’

## Evrópski tungumáladagurinn 26. september

